

Miðvikudaginn 14. maí 1991.

Nr. 204/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Gunnari Kristjánssyni.

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Með kæru 2. maí 1991 hefur ákærði skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Ákærði krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og ákæru vísað frá sakadómi.

Ríkissaksóknari hefur samþykkt, að kæra megi úrskurðinn til Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ákæra í máli þessu uppfyllir skilyrði 115. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 2. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi í máli ákærvaldsins gegn Kristjáni Gunnari Kristjánssyni.

Málavextir.

Ríkissaksóknari hefur með ákæru, dagsettri 5. nóvember 1990, höfðað mál á hendur ákærða, Kristjáni Gunnari Kristjánssyni, Vasavägen 83, S-17532, Järfalla, Svíþjóð, kt. 301251-2979, „fyrir áfengis- og tollalagabrot með því að hafa við komur ms. Álafoss til Reykjavíkur frá Hamborg 16. janúar, 14. og 28. júlí og 11. og 25. ágúst 1986, í öll skiptin vélstjóri á

skipinu, smyglað hingað til lands samtals 50 0.75 lítra flöskum af vodka og allt að 4000 vindlingum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55, 1987, sbr. áður 60. gr., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Vegna búsetu ákærða í Svíþjóð var málið sent þarlandum dómsyfirvöldum til meðferðar og óskað eftir því, að ákærða yrði birt ákæran og hann yfirheyrður um sakarefnið. Mætti hann síðan fyrir Stockholms Tingsrátt, án þess þó að tekin væri af honum skýrsla um málsatvik. Hins vegar lagði ákærði þar fram bréf, þar sem krafist er frávisunar málsins á grundvelli þess, að ákæruskjal fullnægði ekki skilyrðum 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála. Þá óskaði ákærði eftir því, að honum yrði skipaður verjandi í málinu, og tilnefndi þar Kristján Stefánsson hrl.

Á dómþingi 19. f.m. itrekaði verjandinn kröfu ákærða um frávisun málsins og benti á, að eins og sakargögnum væri farið í málinu, væri það ekki ákæruhátt, þar sem engin rannsókn lægi að baki hverju ætluðu broti ákærða samkvæmt ákæruskjali og ekki væri þar tilgreint, hversu miklu áfengi og tóbaki hann eigi að hafa smyglað hingað til lands í hverri einstakri ferð. Taldi verjandinn, að í raun vantaði allar sönnur fyrir því, að áfengi og tóbaki hefði verið smyglað til landsins í þeim ferðum, er ákærði var skipverji á ms. Álafossi. Þá benti verjandinn á, að ákærði hefði við frumrannsókn málsins verið beittur þvingunaraðgerðum af hálfu RLR, þ. á m. hótun um gæsluvarðhald, og megi rekja játningu hans við lögreglurannsókn málsins til þess.

Loks krafðist verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Ríkissaksóknara hefur verið gefinn kostur á því að tjá sig um frávisunarkröfuna, og hefur fulltrúi hans, Egill Stephensen, mótmælt henni og áréttað fyrri kröfu ríkissaksóknara um, að lokið verði rannsókn málsins og það síðan tekið til dómsálagningar samkvæmt ákæru.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, hefur verjandi ákærða bent á ýmis atriði, sem hann telur annmarka við frumrannsókn málsins og valdi því, að ekki verði réttilega lagður efnisdómur á málið. Það er álit dómsins, að þrátt fyrir hugsanlega annmarka sé sakarefnið nægjanlega tilgreint í ákæruskjali og sakargögnum ekki þannig farið, að ekki megi bæta úr undir rekstri málsins. Þykja því ekki efni til að vísa málinu frá dómi, og verður því frá-

vísunarkrafa verjandans ekki tekin til greina. Með vísan til þessarar niðurstöðu verður ekki kveðið á um málskostnað í þessum þætti málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu Kristjáns Stefánssonar hrl., verjanda ákærða, Kristjáns Gunnars Kristjánssonar, um frávísun málsins.
